

Fræðslusjóður
Ársreikningur 2021

Skipholti 50B
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í Fræðslusjóði

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslusjóðs fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2021, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2021 og efnahag hans 31. desember 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Fræðslusjóð í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Fræðslusjóðs og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 26. apríl 2022

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Fræðslusjóður var stofnaður í lok ársins 2010 en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10. gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Farið er með fjármál sjóðsins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Ekkert stöðugildi var hjá sjóðnum á árinu.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu

Áhrif COVID-19 faraldursins voru víðtæk á íslenskt athafnalíf á árinu og höfðu veruleg áhrif á afkomu sjóðsins. Ekki er fyrir séð um áhrif faraldursins á starfsemi sjóðsins, en að mati stjórnar hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi sjóðsins.

Stjórn Fræðslusjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2022

Stjórn:

Hellen M. Gunnarsdóttir
Eyrún Björk Valsdóttir
Karl Rúnar Þórisson
Finnbogi Sveinbjörnsson
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Jóhanna Vigdís Arnardóttir
Magnús Ingvason
Margrét Sigurðardóttir
Eva Margrét Kristinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Hildur Betty Kristjánsdóttir

Rekstrarreikningur 2021

Rekstrartekjur	Skýr.	2021	2020
Framlag frá ríkissjóði		801.300.000	796.100.000
Framlag frá Vinnumálastofnun		202.148.536	0
(Tekjur umfram gjöld) Gjöld umfram tekjur	3	(135.091.452)	7.568.328
		<u>868.357.084</u>	<u>803.668.328</u>
Rekstrargjöld			
Kennsla og námskeiðahald		603.582.795	475.944.900
Raunfærnimat		121.541.236	162.703.358
Náms- og starfsráðgjöf		117.650.120	127.928.089
Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu	4	25.782.000	37.318.000
		<u>868.556.151</u>	<u>803.894.347</u>
	Rekstrarafkoma	(199.067)	(226.019)
Fjáreignatekjur			
Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti		199.067	226.019
		<u>199.067</u>	<u>226.019</u>
	Afkoma ársins	0	0
		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2021	2020
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	146.959.182	29.695.450
Handbært fé		29.837.089	25.355.834
Veltufjármunir samtals		<u>176.796.271</u>	<u>55.051.284</u>

Eignir samtals 176.796.271 55.051.284

31. desember 2021

Óráðstafað fjármagn og skuldir

	Skýr.	2021	2020
Óráðstafað fjármagn			
Óráðstafað frá fyrra ári		4.361.289	11.929.617
Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur)	3	135.091.452	(7.568.328)
Óráðstafað fjármagn samtals		<u>139.452.741</u>	<u>4.361.289</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir	6	37.343.530	50.689.995
Skammtímaskuldir samtals		<u>37.343.530</u>	<u>50.689.995</u>
Skuldir samtals		<u>37.343.530</u>	<u>50.689.995</u>
Óráðstafað fjármagn og skuldir samtals		<u>176.796.271</u>	<u>55.051.284</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Aðalstarfsemi Fræðslusjóðs er að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur sjóðsins hafa metið rekstrarhæfi hans og telja að sjóðurinn hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar likur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til sjóðsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum. Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt áður en tekjur eru færðar:

Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Skýringar

3. Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur)

Samkvæmt skilmálum Fræðslusjóðs ber samstarfsaðilum sjóðsins að endurgreiða sjóðnum hafi framkvæmd ársins verið lægri en úthlutun sjóðsins.

	2021	2020
Úthlutað á árinu	(1.148.183.147)	(863.668.897)
Endurgreiðslur á árinu	279.626.996	59.774.550
Rekstrargjöld	(868.556.151)	(803.894.347)
Framlag ríkissjóðs til úthlutunar á árinu	801.300.000	796.100.000
Framlag Vinnumálastofnunar til úthlutunar á árinu	202.148.536	0
Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti	199.067	226.019
Rekstrargjöld	(868.556.151)	(803.894.347)
Tekjur umfram gjöld (Gjöld umfram tekjur)	135.091.452	(7.568.328)

Óráðstafað fé frá Vinnumálastofnun vegna verkefnisins *Nám er tækifæri* nemur kr. 76.028.248 í árslok 2021. Þessu verkefni mun ljúka á árinu 2022 og mun Fræðslusjóður endurgreiða eftirstöðvar þess, eins og þær munu verða á þeim tíma þegar uppgjör fer fram.

4. Nýsköpunar- og þróunarverkefni í framhaldsfræðslu

Á árinu 2021 voru veittar kr. 28.132.000 til 8 verkefna í framhaldi af auglýsingu sjóðsins og loka-greiðslur að fjárhæð kr. 2.350.000 felldar niður, samtals kr. 25.782.000. Til samanburðar voru á árinu 2020 veittar kr. 37.318.000 til 12 verkefna.

	2021	2020
Apon slf.	0	3.300.000
Austurbrú	2.708.000	0
Emil B. Karlsson	(350.000)	3.300.000
Farskólinn - Norðurlandi vestra	0	3.300.000
Framvegis	(1.304.000)	2.710.000
Gerum betur ehf.	3.300.000	5.250.000
Háskólafélag Suðurlands	(696.000)	0
Iðan fræðslusetur	0	5.000.000
IÐAN fræðslusetur	2.979.000	0
Keilir miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	0	800.000
Locatify ehf.	0	3.000.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	3.300.000	0
Mímir símenntun	5.145.000	579.000
NORTH Consulting ehf.	3.300.000	0
RAFMENNT	3.000.000	0
Senza Partners ehf.	0	3.000.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	4.400.000	5.409.000
Trappa ehf.	0	1.670.000
	<u>25.782.000</u>	<u>37.318.000</u>

Skýringar

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru vegna verkefna sem hafa ekki verið kláruð en veitt hefur verið fjármagn fyrir.

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	2021	2020
Austurbrú ses.	1.460.909	433.600
Farskólinn-miðstöð símenntunar	2.014.600	3.260.500
Framvegis miðstöð símenntunar	11.182.200	5.846.000
Fræðslu/símenntunarmiðstöð Vestmannaeyjum	11.547.440	1.245.450
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	6.290.675	2.414.750
Fræðslunetið-símentun ses.	4.841.520	0
Fræðslusetrið starfsmennt	811.800	719.200
Iðan fræðslusetur	20.653.590	9.570.850
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4.346.400	2.376.800
Mímir-símenntun ehf	64.411.340	0
Rafmennt ehf.	1.737.000	930.600
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	7.586.240	2.524.900
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	9.594.166	372.800
Þekkingarnet Þingeyinga	481.302	0
Viðskiptakröfur samtals	146.959.182	29.695.450

Skýringar

6. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru komnar til vegna þess að gerðir hafa verið samningar um styrki gegn ákveðnum skilyrðum. Þangað til að þessum skilyrðum er mætt er bókuð skuld í bókum sjóðsins.

Skammtímaskuldir greinast þannig:

	2021	2020
Apon slf.	0	1.980.000
Austurbrú ses.	1.238.220	335.355
Emil Bjarni Karlsson	0	1.980.000
Farskólinn-miðstöð símenntunar	2.094.691	2.080.410
Framvegis miðstöð símenntunar	597.000	4.850.000
Fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	0	456.000
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.	0	7.500.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	455.101	900.000
Fræðslunetið-símenntun ses	1.800.000	3.611.000
Gerum betur ehf.	1.980.000	990.000
GoGet ehf.	660.000	1.320.000
Háskólafélag Suðurlands ehf.	0	696.000
Iðan fræðslusetur	5.781.000	8.591.000
Keilir miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	0	480.000
Locatify ehf.	900.000	1.800.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4.566.505	19.980
Mímir-símenntun ehf.	3.945.000	3.293.000
NORTH Consulting ehf.	1.980.000	0
RAFMENNT	1.800.000	0
Rakel Sigurgeirsdóttir	0	900.000
Senza Partners ehf.	0	900.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	5.030.838	3.484.050
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	1.164.000	714.000
Sólborg Jónsdóttir	543.000	543.000
Trappa ehf.	1.442.000	2.444.000
Þekkingarnet Þingeyinga	1.366.175	822.200
Skammtímaskuldir samtals	<u>37.343.530</u>	<u>50.689.995</u>

7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2021.